

NORÐFIRÐINGUR

2. árgangur-1978-2.tölublað

G Ó U K A F F I

Norðfirðingafélagsins verður
haldið í LINDARBÆ laugardaginn
4. marz, og hefst klukkan 15.

Kaffidrykkja

Kvikmyndasýning

Mætið öll og hittið gamla
vini.

Viðtakandi.

G Ó U K A F F I .

Þar sem árshátíðin okkar var að þessu sinni haldin um það leiti sem sólin fleytir Múlann var ákveðið að flytja sólarkaffið fram í marzbyrjun og kalla það í þetta sinn Góukaffi. Vonum við að það aftri ykkur ekki í að mæta. Vegna þess hvað sólarkaffið í fyrra tókst vel hefur forráðamaður Lindarbæjar lofað því að í þetta sinn verði á boðstólum meðal annars ekta rjómapönnukökur, en þær vantaði í fyrra. Ennfremur var ætlunin í fyrra að sýna kvikmynd sem tekin hefur verið á undanförunum

árum heima, og mun Höskuldur Stefánsson hafa byrjað myndatökuna en Jóhann Zoëga haldið henni áfram. Myndin er kannski ekki klippt samkvæmt ströngustu kröfum, en hún sýnir vel ýmsa þætti í sögu bæjarins, og bregður upp svipmyndum af ýmsum bæjarbúum s.l. 20 ár.

Þá munu liggja frammi, eins og í fyrra ýmsar af Norðfjarðarmyndum þeim sem félagið keypti af Birni Björnssyni.

Við vonum að þið fjölmennið, bæði til að sjá þessar myndir, og eins til að hittast og spjalla saman í góðu tómi yfir kaffibolla.

Á undanföörnum árum hefur
allmargt ungt fólk flust að
heiman og hingað á Stór-Reykja-
víkursvæðið.

Því miður hefur okkur ekki
gengið eins vel og æskilegt
hefði verið að ná til þessa
fólks, og því eru það vinsamleg
tilmæli til ykkar að þið hvetjið
alla, sem hingað hafa flutt,
eða stunda hér nám um lengri
tíma, að ganga í félagið, og
látið okkur jafnframt vita um
heimilisföng þess, svo hægt sé
að senda því Norðfirðing í
framtíðinni.-----

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið box 5082

Ritstjóri: Garðar Sveinn Árnason